Nefnda- og greiningarsvið Alþingis
Smiðju
Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Dagsetning 7. Október 2027

**Umsögn SVÞ og VR/LÍV um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029**

SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) og VR/LÍV (Landssamband íslenzkra verzlunarmanna) fagna þeim áherslum sem fram koma í tillögunni um íslenskufærni, hæfniþróun og aukin tækifæri innflytjenda á vinnumarkaði.

Verslun og þjónusta eru fjölmennar atvinnugreinar þar sem stór hópur starfsfólks hefur íslensku sem annað mál. SVÞ og VR/LÍV telur því mikilvægt að við framkvæmd áætlunarinnar verði lögð áhersla á að íslenskunám og önnur hæfniþróun sé aðgengileg og sveigjanleg og taki mið af ólíkum aðstæðum fólks á vinnumarkaði.

SVÞ og VR/LÍV taka sérstaklega undir þær áherslur áætlunarinnar sem snúa að auknu aðgengi að íslenskunámi, starfstengdri fræðslu og auknum tækifærum á vinnumarkaði. Jafnframt telja SVÞ og VR/LÍV mikilvægt að nýta þá þekkingu, samstarf og innviði sem þegar eru til staðar hjá aðilum vinnumarkaðarins við framkvæmd þessara aðgerða.

Í því samhengi má nefna **Ræktum vitið**, samstarfsverkefni SVÞ og VR/LÍV sem hefur það að markmiði að efla símenntun og hæfni starfsfólks í verslun og þjónustu til ársins 2030. Eitt af markmiðum verkefnisins er að 80% starfsfólks í verslunar- og þjónustustörfum sem hefur íslensku sem annað mál búi yfir B1-færni í íslensku samkvæmt Evrópska tungumálarammanum árið 2030.

Markmið **Ræktum vitið** falla þannig vel að áherslum framkvæmdaáætlunarinnar um íslenskufærni, hæfniþróun og aukin tækifæri á vinnumarkaði. SVÞ og VR/LÍV telja mikilvægt að við nánari útfærslu og framkvæmd viðeigandi aðgerða verði horft til þess sérstaklega hvernig nýta megi verkefni og samstarf sem þegar hefur verið byggt upp á vinnumarkaði.

SVÞ og VR/LÍV leggja að lokum áherslu á virkt samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins við framkvæmd þeirra aðgerða sem snúa að íslenskufærni,

hæfniþróun og þátttöku á vinnumarkaði. Með því má nýta fyrirliggjandi þekkingu og innviði, draga úr tvíverknaði og stuðla að markvissri nýtingu þeirra fjármuna sem varið er til málaflokksins.

Virðingarfyllst,

f.h. SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu

Ragna Vala Kjartansdóttir
Skrifstofustjórn og menntamál

f.h. VR/LÍV

Selma Kristjánsdóttir
Fagstjóri starfsmenntamála hjá VR